

Eldgos

Höfundur texta og mynda: Rán Flygenring
(Íslandi)

Angústúra, 2022

Var tilnefnd til Barna- og
unglingabókaverðlauna Norðurlandaráðs 2023

Söguþráður: Sagan gerist á Íslandi og fjallar um strákinn Kaktus þegar lúsafaraldur brýst út í skólanum hans. Mamma hans vill ekki að hann fái lús og leyfir honum að fara með sér í vinnuna. Mamma hans er fararstjóri og er að fara út á land með erlent ferðafólk til að skoða náttúruna. Kaktus er ekki spenntur fyrir því. Hann langar til að sjá eitthvað æsispennandi. Honum verður að ósk sinni, verður meira að segja fyrstur allra. Hann sér nefnilega eldgos! Hann sér líka svolítið annað í sjónaukanum, en hvaða hlutverki gegna lýsnar í sögunni?

Efnisorð: Ísland, ferðafólk, eldgos, tilfinningar, spenna, lausn á vanda, fyndni

Samtöl og leikur:

SKOÐA-LESA með yngstu börnunum

Skoðið myndirnar með barninu. Hvað sjáið þið? Hvað er fólk að gera? Hvaða dýr finnið þið?

LEIKSKÓLABÖRN

1. Skoðið bókarkápuna. Um hvað haldið þið að bókin sé?

2. Hafið þið séð myndir af eldgosi? Eru eldfjöll í landinu ykkar? Teiknið eldgos.

3. Skoðið myndirnar. Hvaða dýr er að finna í bókinni? Hafið þið séð svona dýr í landinu ykkar?


4. Skoðið myndirnar. Hvað gera lýsnar?

5. Hafið þið farið með mömmu ykkar eða pabba í vinnuna? Hvað fenguð þið að gera þar? Var það áhugavert?

6. Búið til sjónauka úr klósettrúllu og farið út í náttúruna. Hvað sjáið þið?

BÖRN KOMIN Á SKÓLAALDUR

1. Hvað finnst ykkur um bókarkápuna? Hvaða hlutverki gegna litirnir?



2. Í bókinni er margt ferðafólk. Hvað er ferðafólk? Hvað gerir það? Hafið þið verið ferðalangar í ykkar eigin landi eða öðrum löndum?

3. Margir ferðalangarnir gera ýmislegt nálægt eldgosinu. Hvað gerir það? Finnst ykkur að fólk geti gert það sem því sýnist nálægt eldfjalli sem spúir kviku? Er eitthvað sem verður að gæta sín á?

4. Í hvaða löndum eru eldfjöll? Er hættulegt að búa í landi þar sem eru eldfjöll og eldgos? Skoðið það og ræðið.

5. Skoðið myndskeið af eldgosi á netinu. Búið svo til ykkar eigið eldgos! Þið finnið leiðbeiningar á netinu.

6. Teiknið eldfjall á A4-blað og skrifið ljóð um eldgos í eldfjallið.

7. Höfundurinn Rán segist vera með eldgos á heilanum. Af hverju haldið þið að það sé? Eruð þið heltekin af einhverju?

BÖRN SEM LESA SJÁLF

1. Hvað fannst þér gott við bókina? Hvað fannst þér ekki eins skemmtilegt? Var eitthvað sem þér fannst óþægilegt? Sérðu mynstur eða tengingu við aðrar sögur?

2. Veldu ferðalang í rútunni sem þér líst vel á og segðu söguna frá sjónarhóli hans.

3. Skoðaðu myndirnar. Hvers vegna heldurðu að myndahöfundurinn hafi ákveðið að hafa fólk að svarthvít en náttúruna í litum?

4. Ímyndaðu þér að þú sért einn ferðalanganna í hópnum. Hvernig myndirðu segja frá deginum á samfélagsmiðlum? Teiknaðu það eins og í myndasögu.

5. Höfundurinn Rán fléttar saman tveimur fyrirbærum sem fólk getur ekki að gert, lúsafaraldur og eldgos. Geturðu skrifað ljóð þar sem þú fléttar þetta saman?

6. Kynntu þér þrjú síðustu eldgosin á Íslandi.


AÐRAR BÆKUR SEM GÆTI VERIÐ GAMAN AÐ LESA:

Naturen. Höfundur: Emma Adbåge

Guovssu guovssahasat. Höfundar: Karen Anne Buljo og Inga-Wiktoria Påve

MÁLAMOLI

"Eldgos"



Merkið myndir af lesstundinni ykkar með [#nordiskabokslukaren!](#)

